

KJARASAMNINGUR
milli
Norðurorku hf.
og
Rafiðnaðarsambands Íslands

1. gr.

Síðast gildandi kjarasamningur framlengist til 31. janúar 2014 með þeim breytingum og fyrirvörum sem greinir í samningi þessum.

2. gr.

Við samþykkt samnings þessa greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 50.000, hverjum starfsmanni í fullu starfi sem er við störf í maí og miðast greiðslan við fullt starf í mánuðunum mars-mai. Starfsmenn sem létu af störfum í apríl fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í mars og apríl. Starfsmenn sem hófu störf í apríl eða fyrstu fimm dagana í maí og eru í starfi í maí fá hlutfallslega greiðslu miðað við starfstíma í apríl og maí. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall. Greiðslan skal innt af hendi eigi síðar en 15. september 2011.

3. gr.

Laun hækka sem hér segir:

- | | |
|------------|--------|
| 1.6. 2011: | 4,25%. |
| 1.2. 2012: | 3,5%. |
| 1.2. 2013: | 3,25%. |

Aðrir kjaratengdir liðir taka sömu breytingum hlutfallslega á sömu dagsetningum, nema annað sé sérstaklega tilgreint í samningnum.

4. gr.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót miðað við fullt starf er:

Á árinu 2011 kr. 75.100.

Á árinu 2012 kr. 77.700.

Á árinu 2013 kr. 80.200.

Orlofsuppbót miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2011 kr. 26.900.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2012 kr. 27.800.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2013 kr. 28.700.

Sérstakt álag á orlofs- og desemberuppbót 2011

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á orlofsuppbót, kr. 10.000.

Á árinu 2011 greiðist sérstakt álag á desemberuppbót, kr. 15.000.

5. gr.

Ýmis ákvæði

Eftirtalin ákvæði úr kjarasamningi SA og aðildarsamtaka ASÍ dags. 5. maí 2011 verði hluti samnings þessa:

- Ólaunaðir frídagar á ferðum

Aðilar munu jafnframt fara yfir önnur ákvæði í kjarasamningi ASÍ og SA og færa inn í kjarasamning aðila eftir því sem við á.

6. gr.

Samningsforsendur

Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ, dags. 5. maí 2011, skal það sama gilda um samning þennan.


8. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings


Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 6. september.

Akureyri, 31. ágúst 2011

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands


Vagnið Hállasson

F.h. Norðurorku hf.


Þóralfur Þórðarson

Bókun

Samningsaðilar eru sammála um að skipa starfshóp með tveimur fulltrúum NO og tveimur frá RSÍ til að endurskoða grunnröðun starfa samkvæmt kjarasamningi. Við þá vinnu verður litið til launakjara í sambærilegum störfum og til starfssviðs og ábyrgðar í starfi. Við samanburð launakjara skal einnig lagt mat á aðra kjarabætti sem mismunandi kunna að vera samkvæmt kjarasamningum. Náist samkomulag um hækjun grunnröðunar skal hún gilda frá 1. nóvember 2011. Náist ekki samkomulag um hækjun grunnröðunar á grundvelli ofangreindrar skoðunar skal grunnröðun eigi að síður hækka um two launaflokka og gilda frá 1. nóvember 2011.

